

Lausn á fráflæðisvandnum að fæðast

90 einstaklingar á Landspítala bíða viðeigandi úrræða. Heilbrigðisráðherra fær áætlanir 9 hópa um tillögur að lausn fráflæðisvandans fyrir páska

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Níu vinnuhópar hafa unnið að áætlunum um hvernig mæta á tillögum átakshóps heilbrigðisráðherra um lausn á fráflæðisvanda Landspítala. Spítalinn fjölgaði hópunum um þrjá til að ná utan um verkefnið. Þetta segir Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri meðferðarsviðs Landspítala, við *Læknablaðið*. Ýmislegt hafi verið gert til að leysa vandann en ekki dugað til.

„Við fórum í annað. Það er ósköp einfaldlega þannig,“ segir Guðlaug Rakel og vísar til heimsfaraldursins. Hún segir stefnt að því að skila niðurstöðunum til heilbrigðisráðherra nú um páska.

Fráflæðisvandi spítalans komst í há-mæli í fjölmiðlum í janúar í fyrra eftir viðtal við Má Kristjánsson, yfirlækni á smitsjúkdómadeild Landspítala, hér í *Læknablaðinu*. Heilbrigðisráðherra skipaði þá átakshópin sem naut aðstoðar tveggja sænskra sérfræðinga. Þegar tillögurnar voru kynntar lagði ráðherra áherslu á nauðsyn þess að bregðast skjótt við.

Fráflæðisvandinn leystist um stund í upphafi faraldursins í fyrra við opnun hjúkrunarheimilisins að Sléttuvegi í febrúarlök. Þá komust 60 sjúklingar sem lokið höfðu meðferð á Landspítala í viðeigandi úrræði. Bráðamóttakan stíflaðist hins vegar aftur nú í byrjun mars, þrátt fyrir að hér á landi séu ekki ferðamenn, lítið álag á spítalann vegna COVID-19 og komum á bráðamóttökuna fækki. Lands-



Níu hópar hafa unnið að því innan Landspítala að veða og meta tillögur átakshóps um hvernig leysa eigi fráflæðisvanda spítalans. Skila á tillögum að lausn til heilbrigðisráðherra fyrir páska. Mynd/gag

menn voru beðnir að snúa sér annað væri þess kostur.

Guðlaug Rakel segir að ekki hafi tekist að útskrifa sjúklinga af spítalanum í viðeigandi úrræði. „90 manns hafa lokið meðferð á Landspítala og bíða eftir að komast annað,“ segir hún. „Það er stóra málið í þessu öllu saman.“ Hún segir að starfsemin hafi nú verið greind, gerð spálíkön og horft á það sem hindri flæðið. En hefur ekkert verið gert síðan ástandið var sem verst?

„Jú. Við höfum tekið fleiri rúm í notkun. Allt frá árslokum 2019 höfum við fjölgað um 30 rúm.“



Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri meðferðarsviðs Landspítala. Mynd/Þorkell Þorkelsson



Hrönn Pétursdóttir, verkefnastjóri hjá Læknafélaginu.

Læknar taka þátt í prófunum á Mínervu

Hópur lækna hefur þegar lýst áhuga á að meta nýjan gagnagrunn sem halda á utan um símenntun íslenskra lækna hér á landi.

Símenntunarhópur Læknafélagsins óskaði á heimasíðu félagsins eftir 100 læknum til verksins. Stefnt er að því að grunnurinn, sem kallast Mínerva, verði tilbúinn fyrir alla um áramót.

„Við hvetjum lækna til að taka þátt. Þannig hafa þeir áhrif á það hvernig grunnurinn kemur til með að verða og gagnast þeim,“ segir segir Hrönn Pétursdóttir sem stýrir verkefninu hjá Læknafélaginu. „Þeir sem hafa tilkynnt sig til leiks eru spenntir.“

Þau sem vilja taka þátt eru beðin að senda póst á netfangið hronn@lis.is.



Kristófer Þorleifsson, Jóhannes Gunnarsson, Guðmundur Viggósson og Margrét Georgsdóttir á fyrsta fundi öldungadeildar Læknafélagsins eftir langa bið. Mynd/Védís

Öldungadeildin hittist í heimsfaraldri eftir árspásu

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Fyrsti fundur öldungadeildarinnar í heilt ár var vel sóttur. Hópurinn stefnir til útlanda þegar færi gefst

„Mjög gaman. Mikil eftirvænting eftir því að hittast aftur,“ segir Kristófer Þorleifsson, formaður öldungadeildar Læknafélagsins, en hópurinn hittist í fyrsta sinn á fyrirlestri eftir langa mæðu í húsakynnum félagsins nú í mars.

„Síðasti fundur var í mars í fyrra. Eftir það var öllum fundum frestað,“ segir

Kristófer. Fimmtíu máttu nú mæta. „Við vorum aðeins innan við það,“ segir hann en 36 mættu samkvæmt fundargerð. Eiríkur Jónsson, þvaghæfaskurðlæknir og yfirlæknir á Landspítala, og Jón Torfason, sagnfræðingur, héldu erindi á fundinum og nefndu það: „Saga af sulli“ umfjöllun um sullaveiki hér á landi.

„Allt var þetta vel framsett hjá þeim félögum, jafnvel svo að kitlaði hláturtaugar á köflum þrátt fyrir vanmátt til meðferðar

sjúklinganna sem liðu ólýsanlegar kvalir og dauða,“ segir í fundargerðinni.

Kristófer segir að þótt fundastarfið hafi lagst niður nú í heimsfaraldrinum hafi öldungadeildin farið í ferð á Snæfellsnes í ágúst. „Öldungadeildin heldur þessa fundi og ferðast saman innanlands og utan,“ segir hann. „Við vorum búin að plana ferð til Sikileyjar á Ítalíu og stefndum á að heimsækja kollega okkar þar,“ segir hann kátur.



Nærri 6100 greinst með COVID-19 á árinu sem liðið er frá fyrsta smiti

Þrjú voru lagðir inn á Landspítala vegna COVID-19 í febrúar og enginn á gjörgæslu. Sjö sjúklingar voru á spítalanum í febrúar vegna COVID-19, enginn í einangrun með virkt smit. Þetta kemur fram í starfsemisupplýsingum spítalans fyrir febrúarmánuð.

Alls lágu 48 á gjörgæslu Landspítala þetta fyrsta ár heimsfaraldursins. Tuttugu í þriðju bylgjunni frá 16. september til 28. febrúar 2021. Einn í annarri bylgju frá ágúst til 15. september og 27 í þeirri fyrstu í mars og apríl 2020. Alls létust 25 á spítalanum af völdum faraldursins fyrsta árið en 29 á landinu öllu, samkvæmt síðunni covid.is

Alls greindust 6089 á árinu frá fyrsta smiti. 45.954 luku sóttkví og 289.353 sýni voru tekin innanlands. 327 voru lagðir inn á sjúkrahús og 53 á gjörgæslu í heildina.